

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um flutning þingstaðar. 52
23. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 8. þ. m., og beiðni oddvitans í Norðurárdalshreppi í Mýrasýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess að þingstaður Norðurárdalshrepps verði fluttur frá Hvammi í funda- og barnaskólahús hreppsins í Dalsmynni, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Petta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf kirkjumálaráðuneytisins til biskups um flutning prests- 53
18. ágúst
seturs.

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 15. þ. m., er fylgdi fundarsamþykkt safnaðarfundar Sandasóknar í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, um að prestssetur Sandaprestakalls verði framvegis á Þingeyri, og Sandar lagðir niður sem prestssetur, skal yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að ráðuneytið hefir samkvæmt ósk safnaðarfundar og tillögum yðar ákveðið að prestssetur Sandaprestakalls verði framvegis á Þingeyri.

S A M P Y K K T

54
30. apríl

um

**breyting á samþykkt um notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum
í Austur-Landeyjahreppi.**

1. gr.

Í stað orðanna „borgi 3 kr. um dag hvern er verkið stendur yfir“ í 3. gr. komi: borgi tímakaup, sama og borgað er í hreppsvegum á því ári, sem verkið er unnið.

2. gr.

Fyrri hluti 8. gr. orðist þannig: Sé lán tekið til áveitufyrirtækisins, skal vöxtum og afborgunum jafnað á allar jarðir, er tilkall hafa til áveitunnar eða afræslunnar eftir hundraðatali þeirra, og skulu ábúendur jarðanna greiða hið ákveðna gjald á þeim gjalddaga, sem eftirlitsmaður ákveður.